

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2019, þriðjudaginn 12. mars var haldinn 373. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 13:34. Mætt: Gunnlaugur Bragi Björnsson Reykjavík, Björg Fengur Garðabæ, Guðmundur Geirdal varamaður fyrir Höllu Karí Hjaltested Kópavogi, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði og Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi. Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Andrés B. Andreasen fjármálastjóri ÍTR Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Lögð fram rekstrarniðurstaða fyrir árið 2018.
- kl. 13:53 viku Andrés B. Andreasen af fundi.
2. Lagt fram bréf Skíðagöngufélagsins Ullar, dags. 11. mars 2019, varðandi aðstöðumál félagsins í Bláfjöllum.
3. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra, dags. 4. mars 2019, um stöðuna í fjöllumunum. Líttill snjó er eftir, en farið var í aðgerðir í því að flytja til snjó í brekkurnar og hefur það skilað góðum árangri.
4. Rætt um stöðu framkvæmda í Bláfjöllum.
- kl. 14:30 viku Kristín María Thoroddsen af fundi.
5. Lögð fram tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir skíðasvæðið í Skálafelli, sem er í auglýsingaferli.
6. Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 28. febrúar 2018, til sveitarfélaga vegna framkvæmdaáætlunar skíðasvæðanna. Núgildandi samningur sveitarfélaganna um rekstur skíðasvæðanna rennur út í lok þessa árs og lagt er til að vinna við undirbúning hefjist sem fyrst.

Fundi slitið kl. 14:40.

Gunnlaugur Bragi Björnsson

Björg Fengur
GuðmundssonGuðmundur Geirdal

Magnús Örn
Rúnar Bragi Guðlaugsson